

Færsla Eyjafjarðarbrautar vestri út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis í Eyjafjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 3. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða færslu Eyjafjarðarbrautar vestri (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 og 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Eyjafjarðarsveitar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslunnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Eyjafjarðarbraut vestri um Hrafnagil. Vegagerðin - Hönnunar- og Tæknideild Norðursvæðis, mars 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

Eyjafjarðarsveit dags. 25. maí 2021, Fiskistofu dags. 21. júní 2021, Hafrannsóknarstofnun dags. 24. september 2021, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 25. maí 2021, Landgræðslunni dags. 19. maí 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 19. maí 2021, Orkustofnun dags. 28. maí 2021 og Veðurstofu Íslands dags. 19. maí 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 5. júlí og 1. október 2021 .

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í færslu Eyjafjarðarbrautar vestri, austur fyrir Hrafnagilshverfi að árbakka Eyjafjarðarar með það að markmiði að draga úr umferð um þéttbýlið. Skv. framlögðum gögnum Vegagerðarinnar er framkvæmdinni skipt í tvo áfanga og er fyrri áfangi frá Kroppi suður fyrir heimreið að Hranastöðum 3,1 km að lengd, þar af er um 0,5 km bráðabirgðatenging á milli fyrsta áfanga og núverandi Eyjafjarðarbrautar. Síðari áfangi felur í sér færslu Eyjafjarðarbrautar austur að árbakka Eyjafjarðarar suður fyrir Stokkahlaðir, alls rúmlega eins km leið.

Fram kemur að vegurinn verði af vegtegund C8, þ.e. 8 m breiður og með tveim 3,5 m akbrautum og 0,5 m breiðum öxlum hvoru megin. Gert er ráð fyrir að hönnunarhraði verði 90 km/klst, en skiltaður hámarkshraði verður 70 km/klst. framhjá þéttbýlinu. Þar sem vegurinn verður lagður nærri árbakka Eyjafjarðarar verður byggð rofvarn meðfram fyrirhuguðum vegi á um tveggja km kafla og gert ráð fyrir vegriði til þess að verja vegfarendur fyrir útafakstri út í Eyjafjarðará og verja ána fyrir mögulegum mengunaróhöppum tengdum útafakstri. Fram kemur að til að tryggja afvötnun svæðis á milli nýs vegar og byggðar, verða ræsi undir vegi. Einnig verður Reyká leidd í tvö ræsi undir nýjan veg. Ræsin verða að hluta niðurgrafin.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að samkvæmt úttekt á áhrifum brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæða þeirra geta komið vandamál í kjölfar slíkra framkvæmda. Þær




breytur sem skipta þar hvað mestu máli varðandi fiskgengd eru: straumhraði, dýpi, fallhæð við útfall og hindranir við inntak og útfall. Hámarksstraumhraði fyrir silungaseiði í gegnum rör er 0,34 m/s. Hámarkshraði fyrir stærri silung, urriða og bleikju, er meiri eða allt að 1,2 m/s í ræsum sem eru styttri en 30 metrar. Ef botn ræsis er grýttur (náttúrulegur eða líkir eftir náttúrulegri botngerð) getur straumhraði verið meiri eða allt að 0,6 m/s og seiðin nýtt sér lygnur sem myndast á botninum. Dýpi þarf að vera a.m.k. 0,3 metrar til að tryggja að þær séu gengar fullorðnum silungi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar Reyká er leidd í ræsi. Tryggja þarf að ræsi séu nægilega víð og mælt er með því að nota ræsi sem er öfugt U og með náttúrulegum botni en að öðrum kosti tekið tillit til þess sem að framan er greint svo að samfella rofni ekki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að flatarmál vatnsops á ræsum er um 7 m² sem er meira en á brú yfir Reyká á núverandi Eyjarfjarðarbraut vestri. Ræsarör verða niðurgrafin að hluta (um 30-40 cm), efni safnast í botninn og verður því samfelldur náttúrulegur botn í gegnum það. Sárálitill hæðamunur er í landi þar sem ræsi kemur og því hverfandi líkur á að hindrun myndist við ræsaenda. Ræsaop verði álíka breið og farvegur neðan við ræsi og tvisvar sinnum breiðara en áin ofan við ræsi og ætti því straumhraði að veða svipaður og við núverandi aðstæður eða um 0,3-0,5 m/s. Því er talið að ræsin muni ekki hafa áhrif á fiskgengd í Reyká.

Efnistaka

Fram kemur að áætluð heildarefnispörf framkvæmdarinnar sé um 148.000 m³. Áformað er að taka fyllingar- og fláafleygaefni úr áreyrum Eyjarfjarðará, úr námum neðan Hrafnagilshverfis (E24a), Munkaþverá við Eyjarfjarðará (E14) og í landi Kropps (E33). Styrktar og burðarlag verður fengið úr Munkaþverárnámu (E12) og rofvarnargrjót úr klapparskeringu neðan Reykhúsa (E34) eða klapparnámu við Hvamm (E26).



Mynd 1. Nýr vegur skv. fyrri áfanga. (Úr greinargerð Vegagerðarinnar).

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landnotkun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggja um svæði sem skilgreint sé sem landbúnaðarsvæði og svæði fyrir ár og vötn í Aðalskipulagi Eyjarfjarðarsveitar 2018-2030. Fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu en tún muni að einhverju leyti skerðast vegna veglínu. Samráð við landeigendur er í ferli auk samráðs við sveitarfélagið. Samráð verði einnig haft við Rarik, Mílu og Tengi um framkvæmdir vegna strengja.



Reiðleið er skipulögð vestan nýs vegar og göngu- og hjólaleið er skipulögð yfir nýjan veg við Miðbraut.

Jarðmyndanir og vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að fyrirhuguð veglína komi til með að liggja alfarið á framburðarsvæði Eyjafjarðarár sem samanstandi að mestu af sandi. Í leysingum, rigningum og vætutíð getur rennsli í Eyjafjarðará aukist verulega sem og í aðliggjandi lækjum. Hæð grjóttvarnar er ætlað að taka við sveiflum í vatnshæð Eyjafjarðarár og verja þar með veg og byggð handan vegar.

Fram kemur að helstu áhrif á jarðminjar verði vegna efnistöku úr námum við Reykhús og Hvamm og vegna efnistöku á áreyrum Eyjafjarðarár en áin endurnýi efnistökusvæðin stöðugt með framburði sínum. Farvegur Eyjafjarðarár muni þrengjast lítillega með tilkomu nýs vegar. Við efnistöku verði gætt að því að raska ekki virkum farvegi árinna og unnið verður eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar um efnistöku og frágang náma í áreyrum. Leyfi verði fengið hjá Fiskistofu áður en efnistaka hefst.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir að áhrif á jarðminjar verði frekar lítil en stofnunin bendir þó á að efnistaka á áreyrum og árbökkum geti alltaf leitt af sér aukna rofhættu sem fylgjast þurfi með.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að umfjöllun um hugsanleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnafar Eyjafjarðarár sé takmörkuð. Ljóst er að með fyrirhuguðum framkvæmdum verður þrengt að farvegi árinna með föstum árbakka vestan megin. Þá komi fram í framlögðum gögnum að við hönnun vegarins hafi veglína verið dregin lítillega frá núverandi árbakka til að minnka líkur á að þrenging farvegar auki bakkarof austan ár en ekki sé vísað til rannsókna eða reikninga á þessum áhrifum. Orkustofnun telur að við undirbúning leyfisumsókna verði að sýna niðurstöður athugana á þessum þætti og tilgreindar viðeigandi mótvægisáðgerðir varðandi bakkarof. Jafnframt tekur stofnunin undir með því sem fram komi í fylgiskjölum með greinargerð Vegagerðarinnar um sífellt aukna afmörkun árfarvegar Eyjafjarðarár sem geti leitt af sér aukin áhrif flóða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið gerðar rannsóknir eða útreikningar á áhrifum þrengingar á straum og rof á austurbakka Eyjafjarðarár. Takmarkað sé hægt að reikna áhrif á rof í farvegi þar sem ferlið sé flókið, háð mörgum breytum og reiknilíkön nái illa utan um formbreytingar á farvegi yfir tíma. Þótt að þrengt sé að farvegi árinna á þessum kafla verður breidd farvegar í heild svipuð þ.e.a.s. rétt ofan við veglínu er farvegurinn þrengri og neðan við veglínu eru kaflar sem eru svipað breiðir. Framkvæmdaraðili telji því ekki þörf á nákvæmri greiningu á áhrifum þrengingar á straum og rof austurbakkans, en leggur til að bakkinn verði mældur og loftmyndir teknar af svæðinu fyrir framkvæmd. Verði áhrif framkvæmdar þau að árbakki austanmegin gengt framkvæmdarsvæðinu taki að rofna muni Vegagerðin bera kostnað af rofvörnum.

Lífriki Eyjafjarðarár

Vegagerðin leitaði til fiskifræðings sem gegnir hlutverki umsjónarmanns fiskirannsókna í Eyjafjarðará til að skoða hugsanleg áhrif efnistöku vegna framkvæmdanna á lífríki. Í umsögn hans kemur fram að fyrirhugaðir efnistökuastaðir eru ekki þekktir sem hrygningarstaðir, búsvæði seiða eða veiðistaðir. Áhrif efnistöku séu talin verða lítil og staðbundin ef frá er talið grugg. Mikilvægt sé þó að viðhafa besta mögulega verklag og takmarka ekki farveg. Ólíklegt sé að áhrifa efnistöku gæti ofar í ánni þar sem umhverfi fyrir laxfiska er ákjósanlegt, það ráðist þó af dýpt efnistökkunnar. Gert er að skilyrði að ekki sé farið neðar en einn metra undir yfirborð árfarvegs. Lagt er til að heimilt verði að taka allt að 100.000 m³ efnis á einu ári með því skilyrði að svæðið verði hvílt efnistöku í þrjú ár á eftir. Þá sé algert skilyrði að farvegur Reykár, sem rennur í Eyjafjarðará að vestanverðu rétt norðan Hrafnagilsbrúar, verði óheftur. Lagt er til að framkvæmdartími fari fram utan göngutíma til að takmarka áhrif gruggs á gönguhegðun og að æskilegt sé að samráð verði haft við veiðifélag Eyjafjarðarár um verktíma. Þá sé almennt áhyggju- og umhugsunarefni hversu víða og stöðugt sé sótt að farvegi árinna.



Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa stórvægileg áhrif á fiskistofna árinna í heild. Stofnunin bendir þó á að almennt hefur efnistaka úr ám áhrif á lífríki. Þeir benda á að í gögnum framkvæmdaraðila er hvergi að finna tölulegar upplýsingar um áhrif efnistökkunnar á lífríkið í Eyjafjarðará, né af hverju þriggja ára efnistökuhlé að loknum framkvæmdum sé ráðlagt. Hafrannsóknastofnun mælir með að forsendur fyrir þessu mati liggja fyrir með rökstuðningi, hlutlægum gögnum og mælingum m.t.t. lífríkis og mikilvægi svæðisins fyrir afkomu fiska en bleikjustofn Eyjafjarðarár hefur átt undir högg að sækja.

Hafrannsóknarstofnun bendir einnig á að í gögnum framkvæmdaraðila er vitnað í skýrslu frá 2008 um mat á mögulegri efnistöku í Eyjafjarðará. Ekki kemur hins vegar fram hversu mikið eða hvar efni hefur verið tekið á vatnasvæðinu síðan það mat var gert. Ekki er heldur ljóst hvort það efni sem ráðgert er að taka, sé tiltækt á viðkomandi stöðum ef einungis er tekið efni niður að 1,5 metra eins og talað er um í skýrslunni frá 2008. Þótt talið sé að efnistökusvæði fyllist af framburði þarf það efni að koma annarsstaðar frá og getur áhrifasvæði efnistöku því náð talsvert út frá efnistökusvæði. Þekkt er frá öðrum svæðum að bakkabrot og rof geti aukist í kjölfar efnistöku og dýpkun farvega vatnsfalla. Ef af efnistöku verður, verði tímasetning efnisnáms valið á þeim tímum sem minnstar líkur eru á að það hafi áhrif á lífríki og að fylgst verði með áhrifum að framkvæmdum loknum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt gildandi aðalskipulagi er leyfi fyrir 50.000 m³ efnistöku úr áreyrum Eyjafjarðarár á hverjum tveimur árum, þannig eru það 100.000 m² á fjórum árum. Hér er því ekki breyting á magni miðað við tíma í raun og veru heldur verið að opna á að taka meira magn í einu vegna vegagerðarinnar og því mælt með þriggja ára hvíld á efnistöku. Samkvæmt upplýsingum frá Eyjafjarðarsveit er áætlað að 35.000 m³ hafi verið teknir úr áreyrum við Hrafnagilshverfi frá 2008 en eyrarnar endurnýjast mjög hratt með sandi og fínu efni. Efnistaka fer fram þar sem lítill straumhraði er í ánni enda sest fínt efni eins og sandur á þessu svæði. Því er ólíklegt að efnistaka muni hafa áhrif langt upp fyrir efnistökusvæði vegna framskriðs á mól.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á lífríki Eyjafjarðarár. Mikilvægt sé að farið verði eftir leiðbeiningum fiskifræðings um hvernig haga megi framkvæmdum til að lágmarka áhrif á lífríki og tekur Vegagerðin undir það og mun jafnframt hafa samráð við Veiðifélag Eyjafjarðarár um framkvæmdir.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að landslag muni breytast lítilsháttar þar sem að nýr vegur muni móta varanlega árbakka Eyjafjarðarár á kafla með grjótvörn. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verði leitast við að hanna veglínu þannig að hún falli sem best að landslagi og náttúrulegum farvegi Eyjafjarðarár. Gengið verði frá vegsvæði og námum á þann hátt að þau falli sem best að landi. Þá getur hugsanlegt bakkarof breytt ásýnd svæðisins. Röskuð svæði verða jöfnuð og frágengin í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar og landeigendur. Á grónum svæðum verður lífrænt efni nýtt við frágang eins og kostur er.

Náttúruvá og veðurfar í Eyjafjarðarsveit

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að veðurfar í Eyjafjarðarsveit sé að jafnaði milt. Flóð séu hinsvegar tíð og er það sú tegund náttúruvá sem svæðinu stafi hve mest hættu af. Stærstu flóðin eru að jafnaði leysingaflóð á vorin. Útreikningar bendi til að í flóðum geti vatnsborð hækkað um allt að 1-1,6 m við vegfyllingu. Hönnun vegarins mun taka mið af flóðahættu Eyjafjarðarár og samhliða þjóna sem flóðvörn fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfisins.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að Veðurstofan eigi rennslisgögn úr Eyjafjarðará sem sýna nákvæmari rennslislistölur en framkvæmdaraðili notast við.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rétt sé að uppfæra mat á rennsli úr Eyjafjarðará í samræmi við umsögn Veðurstofunnar.



Gróðurfar og fuglar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að veglína muni fara að hluta um ógrónar sandeyrar og að hluta um ræktuð tún á fornum sandeyrum. Ekki hafi verið gerð sérstök athugun á hvort sjaldgæfa fugla sé að finna á framkvæmdarsvæðinu en við vettvangsskoðun sáust gæsa hópar á áreyrum Eyjafjarðarár.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji áhrif framkvæmdar á landslag og gróðurlendi minniháttar en þó beri að nefna að plöntutegundin maríulykill sem skilgreind er sem tegund í hættu á valista Náttúrufræðistofnunar fyrir æðplöntur hefur fundist í nágrenni Hrafnagils og því sé mikilvægt að kanna hvort plöntuna sé að finna á og við framkvæmdarsvæðið. Lítið er fjallað um fuglalíf í greinargerð framkvæmdaraðila og ekki gerð sérstök úttekt á fuglalífi en stofnunin telur þó ólíklegt að mikilvæg fuglabúsvæði raskist vegna framkvæmdanna en tegundir eins og sandlóa, tjaldur, kría og máfur geti nýtt sér sendna árbakka og eyrar sem varplönd og ýmsir fuglar nýti sér tún og ræktarlönd við fæðuöflun en slík svæði eru mjög algeng í Eyjafjarðarsveit og því um lítilsháttar röskun að ræða.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að kannað verði hvort maríulykill finnist á eða við framkvæmdarsvæðið. Stór hluti efnistökusvæða í Eyjafjarðará séu sandeyrar sem flæði yfir þegar mikið er í ánni. Grágæs og heiðagæs hafi þar oft viðkomu en sandeyrarnar séu ekki líklegir fæðueða varpstaðir. Líklegra sé að grófari malareyrar ofan brúar séu mikilvægari búsvæði enda flæði sjaldnar yfir þær.

Meningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engar þekktar fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Síðustu fornleifaskráningar sem ná til framkvæmdarsvæðisins séu frá 1994 og 1996. Minjastofnun hafi sent fulltrúa sinn á úttektarsvæðið þann 1. september 2020. Hann hafi ekki gert athugasemdir, engra áhrifa á fornminjar sé að vænta frá framkvæmdinni.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 en deiliskipulag fyrir Hrafnagilssvæðið er í endurskoðun.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungaveiði auk samráðs við Landgræðsluna skv. lögum um landgræðslu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fyrirhugaða færslu Eyjafjarðarbrautar vestri út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis, Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli, staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, mengunar, ónæðis og nýtingu náttúruauðlinda, skv. tl. 1 í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisaáhrifum. Einnig þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á með tilliti til landnotkunar sem fyrir er og til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2 tl. 2. viðauka laganna. Jafnframt ber að skoða gerð og eiginleika



hugsanlegra áhrifa framkvæmdar einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika m.a. áhrifa á fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna.

Í þessari ákvörðun er eingöngu tekin afstaða til áhrifa veglagningar skv. fyrri áfanga en ef kemur til lagningar síðari áfanga kann sú framkvæmd að kalla á málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu vegar framhjá litlu þéttbýli sem á að taka við gegnumakstursumferð sem fer um Hrafnagilshverfið við núverandi aðstaður. Hins vegar kemur ekki fram í greinargerð Vegagerðarinnar hve stór hluti umferðar er gegnumakstursumferð, en Hrafnagilshverfi er þéttbýlis- og þjónustukjarni Eyjafjarðarsveitar. Að mati Skipulagsstofnunar er því ekki ljóst hve mikill ávinningur er af lagningu hjáleiðarinnar með tilliti til umferðar um Hrafnagilshverfi og umferðaröryggis og hvort að mögulegur ávinningur sé meiri en möguleg neikvæð áhrif á aðra umhverfisþætti. Staðsetning Hrafnagilshverfis við bakka Eyjafjarðarár felur í sér gæði fyrir íbúa Hrafnagilshverfis og aðra sem þar dvelja, t.a.m. ferðafólk. Færsla Eyjafjarðarbrautar að árbakka og út í ána er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd árinna auk þess sem hún er líkleg til að takmarka aðgengi að ánni og fækka útivistarmöguleikum.

Þar fyrir utan telur Skipulagsstofnun að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í mögulegu bakkabroti og rofi vegna þrengingar farvegjar Eyjafjarðarár og vegna efnistöku í ánni á vatnafar og lífríki. Vegagerðin leggur til að bakki árinna verði mældur og loftmyndir teknar áður en framkvæmdir hefjast. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um vöktun og mótvægisáðgerðir vegna mögulegs bakkarofs og að framangreindar mælingar á bakka og loftmyndir þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Stofnunin leggur áherslu á að gætt sé að því að raska ekki virkum farvegi árinna og að farið verði eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar um efnistöku og frágang náma á áreyrum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum telst sá hluti árinna sem verður fyrir raski ekki mikilvægt búsvæði laxfiska. Áhrifa gruggs og setflutninga getur þó gætt utan framkvæmdasvæðis. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að til að draga úr og lágmarka neikvæð áhrif á lífríki árinna verði þess gætt að raska ekki virkum farvegi árinna og að farið verði eftir ráðleggingum umsjónarmanns fiskirannsóknna í Eyjafjarðará um tilhögun efnistöku á áreyrum, og tekið mið af þeim tímasetningum sem lagðar eru fram í álitu umsjónarmannsins, m.a. að framkvæmdir í og við ána fari fram utan göngutíma. Ákvæði þess efnis þarf að setja í framkvæmda- og starfsleyfi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. desember 2021.

Reykjavík, 5. nóvember 2021

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir